

REGLUR

um stúdentspróf utanskóla.

1. gr.

Reglur þær, er menntamálaráðuneytið setti þann 5. des. 1946, um stúdentspróf í áföngum fyrir starfandi kennara, haldast óbreyttar.

2. gr.

Nú óskar einhver, er eigi hefur lokið tilskildu landsprófi miðskóla, að þreyta stúdentspróf utanskóla. Skal hann þá sækja um undanþágu til menntamálaráðuneytisins, er úrskurðar málið í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra, en hún setur þau skilyrði, er þurfa þykir.

3. gr.

Um nemanda, er staðizt hefur tilskilið landspróf miðskóla, en eigi lokið við eða staðizt öll millibekkjarpóf í menntaskóla, gilda þessar reglur:

- a) Nemandinn skal þreyta forpróf í námsefni þess bekkjar eða þeirra bekkja, sem hann hefur eigi lokið eða staðizt próf upp úr. Skal það tekið samtímis ársprófum eða haustprófum menntaskólanna.
- b) Nú hefur nemandi setið í næstefsta bekk menntaskóla, en eigi lokið eða staðizt árspróf. Þarf hann þá eigi að taka forpróf í öðrum greinum en þeim, þar sem hann hefur hlotið undir 5.00 á ársprófinu. Í forprófi gilda allar sömu reglur um einkunnir og við millibekkjarpóf.

4. gr.

Stúdentspróf utanskóla má taka í þremur áföngum:

- 1) Námsgreinar þær, er innanskólanemendur ljúka stúdentsprófi í fyrir síðasta bekk skólans.
- 2) Forprófið.
- 3) Hið venjulega stúdentspróf, er efstu bekkingar skólans þreyta. Því skal ljúka í einu lagi með innanskólanemendum. Eigi má líða meira en eitt ár frá forprófi til lokaáfanga.

5. gr.

Þeir, sem fengið hafa undanþágu eða heimild til þess að þreyta stúdentspróf utanskóla, skulu senda umsóknir um það til skólastjóra (rektors, skólameistara) fyrir 1. febrúar sama árs, ef þeir ætla sér að hefja próf um vorið, en fyrir 1. ágúst, ef þeir ætla sér að hefja það að hausti. Umsókninni skal fylgja nákvæm skýrsla um námsefni það, er umsækjandi hefur lesið og gefur upp til prófsins.

6. gr.

Samtímis því, að reglur þessar ganga í gildi, verður sú breyting á túlkun reglna um stúdentspróf skv. reglugerð um menntaskóla, að í stað ákvæðisins um, að eigi megi fá einn í tveimur greinum, kom það ákvæði, að eigi megi fá undir 2.00 í tveimur greinum. Skal þetta gilda jafnt um nemendur innan skóla sem utan.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til l. nr. 58/1946, um menntaskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Knútur Hallsson.